



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir rekstri skotvallar á Álfsnesi.

Nafn leyfishafa: Skotveiðifélag Reykjav og nágr

Heimilisfang: Pósthólf 8485, 128

Kennitala: 440687-1809

Gildir frá: 28. ágúst 2026

Gildir til: 31. desember 2028

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Sértekum starfsleyfisskilyrðum fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809 fyrir skotvöll í Álfsnesi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 28. ágúst 2026





Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis (Skotreyn)

kt. 440687-1809

Álfsnesi, 116 Reykjavík

vegna skotvallar í starfstöð fyrirtækisins á Álfsnesi

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Dags. umsóknar. Sjá kafla 1 hér að neðan.	17.apríl 2026
Rekstraraðili, kt.	Skotveiðifélag Reykjavíkur og Nágrennis, 440689-1809
Heiti fyrirtækis	Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmismnúmer.	Álfsnes, 116 Reykjavík
Tegund starfsemi	Töluliður nr. 88 í Viðauka IV við lög nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
Tilefni umsóknar	Endurnýjun starfsleyfis
Staðfesting á samþykki byggingarfulltrúa og samræmi við skipulag. Sjá kafla 2. að neðan.	Þar sem að starfsemin fer ekki fram í húsnæði var ekki leitað álits byggingarfulltrúa. Erindi var sent á skrifstofu Skipulags og byggingarmála þann 8.maí.2026 og óskað umsagnar um hvort að starfsemin væri í samræmi við ríkjandi skipulag, einnig var óskað eftir tillögu að gildistíma.
Dags. birtingar auglýsingar, efni tillögunnar, hvar hún var birt og frestur til athugasemda. Sjá kafla 4. hér að neðan.	Auglýsing var birt á vefsíður HER dagana 30.júní 2026 til 31.júlí 2026. Um starfsemina gilda almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt.440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi.
Starfsemin var háð / var ekki háð málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sjá nánar í kafla 3 hér að neðan	Á ekki við
Áhrifamat fyrir vatnshlot samkvæmt lögum nr.36/2011 um stjórn vatnamála og	Með umsókninni fylgdi greinargerð um áhrifamat vatnshlota.Uppfærð greinargerð barst HER þann 3.júlí 2026. Greinargerðin var tekin til greina.



markmið vatnaáætlunar. Sjá nánar í kafla 5 hér að neðan.	
Athugasemdir sem bárust. Hafi athugasemdir borist er gerð grein fyrir þeim í kafla 6. hér að neðan.	Fimm athugasemdir bárust á auglýsingatíma.
Hafi verið gerðar breytingar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu er gerð grein fyrir því í kafla 7. hér að neðan.	Gerðar voru 7 breytingar á tillögu að starfsleyfi, sjá nánar kafla 7. hér að neðan.
Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla. Sjá kafla 8. hér að neðan.	Umsóknin var lögð fyrir 1928, afgreiðslufund HER þann 28. ágúst.2026. Samþykkt að veita starfsleyfi til 31. desember 2028.

1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þann 17.apríl 2026 ásamt fylgigögnum. Umsóknin var metin fullnægjandi.

Móttaka umsóknar var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins: <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>.

Við gerð starfsleyfis var horft til krafna sem að settar voru fram í umsögn Skipulagsfulltrúa vegna starfsleyfisumsóknar Skotreyndar frá 2024, í umsögninni hafði komið fram að starfsemin væri innan skilgreinds íþróttasvæðis Íþ9 á Álfsnesi, sbr. þá nýlega staðfesta breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur. Í aðalskipulagsbreytingunni voru sett fram skilyrði og mótvægisáðgerðir sem horfa þurfti til við útgáfu starfsleyfis.

„Íþ9. Skotæfingasvæði Álfsnesi. Íþróttasvæði þar sem heimilt er að stunda skotæfingar, skotíþróttir og skylda íþróttastarfsemi. Heimilt verði að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu allt að til ársloka 2028. Starfsleyfið skal innihalda eftirfarandi skilyrði og mótvægisáðgerðir, í það minnsta, sbr. einnig umfjöllun í 5. kafla:

- 1) Opnunartími skotæfingasvæðanna verði takmarkaður og ákveðinn í starfsleyfi og miðist að jafnaði við 5 daga í viku.
- 2) Rekstraraðili skal tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða. Setja skal í forgang einfalda áðgerð eins og að hljóðeinangra betur riffilskothús.
- 3) Nota skal hljóðdeyfa í riffilskotfimi þegar því verður viðkomið.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

4) Haga skal skotstefnu þannig að hávaði valdi sem minnstu ónæði, þar sem því er viðkomið. Á velli Skotreynar verði skoðað að snúa skotstefnu til NA til að leitast við að draga úr ónæði af völdum hávaða.

5) Með umsókn um starfsleyfi HER skal rekstraraðili leggja fram tillögur að raunhæfum aðgerðum til að lágmarka ónæði vegna hávaða frá starfseminni ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun.

6) Í starfsleyfi skal setja fram skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfseminni. Við undirbúning starfsleyfa framkvæmi heilbrigðiseftirlit hávaðamælingar samkvæmt gildandi reglugerðum og opinberum leiðbeiningum þar um. Verði breytingar á reglugerðum eða opinberum leiðbeiningum er varða hávaðakröfur frá skotvöllum verði þessar mælingar endurteknaðar og starfsleyfi endurskoðað gefi niðurstöður mælinga tilefni til. Heilbrigðiseftirlit framkvæmi tímabundnar vöktunarmælingar með sítitandi hávaðamælum a.m.k. tvisvar á ári. Notkun blýhagla verði óheimil.

7) Nota skal blýlaus riffilskot eða skot með lágmarksinnihaldi blýs séu blýlaus skot ekki valkostur.

8) Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons).

9) Rekstraraðilar skotsvæða skulu standa fyrir almennri hreinsun á svæðinu að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem högl, tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Ennfremur skulu rekstraraðilar standa að hreinsun fjörunnar með reglubundnum hætti a.m.k. tvisvar sinnum á ári, þar sem áhersla skal vera á að fjarlægja högl, skot, leirdúfurestar, tóm skothylki og forhlöð sem hafa borist út fyrir skotsvæðin

10) Þegar starfsemin leggst af skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við HER. Jafnframt skal rekstraraðili vinna áhættugreiningu í samræmi við ákvæði í 10. gr. reglugerðar um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 og skila til HER ásamt tillögum að aðgerðum í samræmi við áhættugreiningarinnar. Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt HER hefur farið fram og hreinsun verið metin fullnægjandi.

11) Undirbúa skal frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar. Mikilvægt er að rekstraraðilar skotvalla geri grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatn, sbr. markmið um verndun þeirra og ásættanlegt ástand, sbr. Vatnaáætlun, við undirbúning útgáfu starfsleyfa. Við frekari rannsóknir á ástandi viðkomandi vatnshlota mætti skoða



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

þann möguleika að huga að þeim rannsóknum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.

Stefna um landnotkun á svæðinu verður tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára og þá á grundvelli niðurstaðna um staðarval skotæfingasvæða til lengri framtíðar litið. Ljóst er að sú vinna, skipulagsbreytingar og mat á umhverfisáhrifum og undirbúningur framkvæmda getur tekið drjúgan tíma og því mikilvægt að skapa hæfilegt svigrúm í aðalskipulaginu fyrir núverandi starfsemi til skemmri tíma litið.”

Heilbrigðiseftirlitið sendi fyrirspurn á skrifstofu Skipulags- og byggingarmála Reykjavíkurborgar um hvort að umsögn Skipulagsfulltrúa frá 2024 væri enn í gildi. Jákvætt svar barst þann 24.júní 2026, þá var einnig lagt til að starfsleyfi yrði gefið út til loka árs 2028.

2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis – Umsögn skipulags- og byggingarfulltrúa

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir og starfsemin standist skipulag.

Starfsemin fer ekki fram í húsnæði. Ekki var talin þörf á því að leita umsagnar byggingarfulltrúa.

Leitað var umsagnar á skrifstofu Skipulags og byggingarmála, sjá í kafla 1 að ofan.

3. Málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana.

„Starfsemin er ekki háð málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana.“

4. Greinargerð um áhrifamat vatnshlota samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og markmið vatnaáætlunar

Greinargerð fylgdi með starfleyfisumsókninni sem tók til áhrifa starfseminnar á yfirborðsvatn og grunnvatnshlot, í samræmi við ákvæði laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og markmið vatnaáætlunar. Niðurstaða áhrifamatsins var sú að starfsemin hafi óveruleg eða engin áhrif á yfirborðs- og grunnvatnshlot. Greinargerðin var tekin til greina þrátt fyrir að í greinargerðina vantaði upplýsingar um heiti, vatnshlotanúmer og vatnsflokk. HER telur að niðurstaða áhrifamatsins sé trúverðugt og að ekki sé nauðsynlegt að fara í frekari áhrifamat samkvæmt leiðbeiningum Umhverfis- og Orkustofnunar (áður Umhverfisstofnunar) um „Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot“.



5. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megi nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/starfsleyfi-tillogur-i-auglyssingu-og-utgefin-leyfi>

6. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Eftirfarandi athugasemdir bárust á auglýsingatíma, svar HER við athugasemdunum má finna fyrir neðan hverja athugasemd.

Athugasemdir við umsókn um starfsleyfi fyrir skotfélag Reykjavíkur og nágrennis (Skotreyn) á Álfsnesi. Kristbjörn Haraldsson og Anja Þórdís Karlsdóttir, dagsett 30.júlí 2026. HER-202607-9540.

1. Athugasemdir vegna málsmeðferðar og stjórnsýslu

Við gerum alvarlegar athugasemdir við þá málsmeðferð sem virðist hafa átt sér stað vegna umsóknar um endurnýjun starfsleyfis fyrir Skotfélag Reykjavíkur og nágrennis. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum var ákvörðun um samþykkt starfsleyfis tekin á fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þann 16. apríl 2026, en umsókn um starfsleyfi var lögð fram degi síðar, þann 17. apríl 2026.

Ef þessar upplýsingar reynast réttar er um mjög alvarlegan stjórnsýslulegan annmarka að ræða. Það vekur upp grundvallarspurningar um hvort ákvörðun hafi verið tekin áður en fullnægjandi gögn og umsókn lágu fyrir og hvort farið hafi verið eftir meginreglum stjórnsýsluréttar um rannsókn máls, meðalhóf og lögmæta málsmeðferð. Við teljum óásættanlegt að veita starfsleyfi fyrir starfsemi sem hefur verið umdeild í áratugi, án þess að öll lagaleg, skipulagsleg og umhverfisleg atriði séu að fullu upplýst og metin.

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER):

Engin mál er varða Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis eða umsókn félagsins um starfsleyfi voru lögð fyrir eða tekin til umræðu á fundi Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur (nr. 172) þann 16. apríl s.l. sbr. meðfylgjandi fundargerð. Þar af leiðir að ákvörðun um samþykkt starfsleyfis var ekki tekin á fundinum.



2. Óvissa um samræmi starfseminnar við skipulagsskilyrði og lögmæti mannvirkja

Í drögum að starfsleyfi kemur fram í lið 2.2:

„Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt.“

Þetta ákvæði vekur upp grundvallarspurningar um lögmæti starfseminnar á svæðinu. Í greinargerð Skotreyrn kemur fram að starfsemin fari fram:

„Ekki í fasteign (lóðir, færanleg starfsemi, útihátíðir, vatnsverndarsvæði t.d.).“

Þessi lýsing er ekki í samræmi við raunverulegt umfang starfseminnar. Starfsemi Skotreyrn fer ekki eingöngu fram utandyra heldur einnig í skothúsum, öðrum mannvirkjum og svokölluðu félagshúsi sem er hluti af rekstrinum. Samkvæmt byggingarlögum nr. 160/2010 og byggingarreglugerð er almennt gert ráð fyrir að mannvirki séu staðsett á löglegri lóð og að þau hafi tilskilin leyfi. Samkvæmt landeignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) er skotsvæðið staðsett á landeign með landeignanúmer 125650. Á þeirri landeign virðist aðeins ein skipulögð lóð vera skráð, með landeignanúmer 227024, sem tilheyrir starfsemi Sorpu. Ekki liggja fyrir upplýsingar um að sérstök lóð sé skráð fyrir mannvirki og starfsemi Skotreyrn né að þau hús sem nýtt eru undir starfsemina séu skráð sem löglegar fasteignir í fasteignaskrá.

Við teljum því nauðsynlegt að skýrt verði upplýst:

- Hvort öll mannvirki á svæðinu hafi gild byggingarleyfi.
- Hvort starfsemin fari fram á löglegri lóð.
- Hvort mannvirkin séu skráð í fasteignaskrá.
- Hvort mannvirki hafi staðið árum saman án tilskilinna leyfa.

Starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir getur ekki verið notað til að lögleiða mannvirki eða starfsemi sem ekki samrýmist skipulags- og byggingarreglum.

Svar HER:

Tilvitnuð ákvæði er grein 2.2 í almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Þau eru, líkt og kemur fram í nafninu, almenn skilyrði sem eru með viðtæka skírskotun til mengandi starfsemi en ekki sértæk fyrir neina eina starfsemi. Því getur verið að einstakar greinar eigi ekki við um sértæka starfsemi þó þær eigi almennt við um mengandi starfsemi.

Í 1. málsgrein 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir segir að allur atvinnurekstur sbr. viðauka I, II og IV í lögnum, skuli hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfis-



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

og orkustofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út. Í 7. málsgrein 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit segir ennfremur að nýr atvinnurekstur skuli vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnureksturs sbr. VII, IX og X viðauka enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Hvorki í lögnum eða í reglugerðinni er krafa um að starfsleyfissskyld starfsemi fari fram innan skilgreindar lóðar. Almennt fer starfsemi sem HER gefur út starfsleyfi fyrir, fram í byggingu innan skilgreindrar lóðar. Það er þó ekki alltaf tilvikið og má nefna útihátíð og flugeldasýningu sem dæmi um starfsemi sem getur farið fram án þess að vera innan skilgreindar lóðar. Í þessu tilviki er það rétt að starfsemin fer ekki fram innan skilgreindrar lóðar en hún er í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur (AR2040) og er þar með ofangreindum kröfum í lögum nr. 7/1998 og rg. nr. 550/2018 fullnægt.

Í athugasemd er vísað til skothúsa, kastturna og félagsaðstöðu á svæðinu og sú spurning sett fram hvort mannvirkin hafi hlotið tilskilin leyfi eða séu skráð í fasteignaskrá. Af því tilefni er bent á að fasteign og mannvirki eru ekki sama réttarhugtakið. Mat á samræmi starfseminnar við skipulag og samþykktu notkun fasteignar er annað álitaefni en mat á því hvort einstök mannvirki uppfylli kröfur mannvirkjalaga og byggingarreglugerðar. Hugsanleg óvissa um skráningu eða leyfisstöðu einstakra mannvirkja leiðir því ekki ein og sér til þess að synja beri um starfsleyfi fyrir starfsemi sem að öðru leyti uppfyllir skilyrði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eftir atvikum eru álitaefni um lögmæti eða skráningu einstakra mannvirkja á forræði byggingaryfirvalda og sæta sjálfstæðri málsmeðferð samkvæmt mannvirkjalöggjöf.

Í ljósi framkominnar athugasemdar hefur lýsing á umfangi starfseminnar þó verið skýrð betur og tekið fram í grein 1.3 að starfsleyfið gildi fyrir rekstur skotvallar utandyra, kastturna og skýla fyrir skotfólk.

Í athugasemdinni er bent á að starfsemin fari fram í svokölluðu félagshúsi. Að mati HER fer ekki fram leyfissskyld starfsemi í skilningi laga nr. 7/1998 í félagshúsinu, þaðan er t.d. ekki skotið né kastað leirdúfum, og því er félagshúsið ekki talið upp í lýsingu á umfangi starfseminnar.

3. Rangt mat á umfangi starfseminnar

Í lið 1.3 í drögum að starfsleyfi segir:

„Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra á athafnasvæði félagsins á Álfsnesi.“ Þessi skilgreining er villandi og gefur ekki rétta mynd af starfseminni.

Starfsemin takmarkast ekki við útivist á skotsvæði heldur felur einnig í sér notkun skothúsa, félagshúss og annarra mannvirkja. Starfsleyfið verður því að taka mið af raunverulegu umfangi starfseminnar en ekki einungis hluta hennar.

Svar HER:

Við gerð starfsleyfa er alla jafna látið duga að geta þeirrar starfsemi sem verið er að veita leyfi fyrir en ekki talinn sérstaklega upp allur sá búnaður eða aðstaða sem starfseminni



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

fylgir. Þannig er veitt starfsleyfi fyrir rekstri hárgreiðslustofu en ekki talið upp hárvottavaskar, stólar, sóttþreinsunarbúnaður, skæri, greiður o.fl. sem telst eðlilegur og nauðsynlegur búnaður í þannig starfsemi, í leyfum dekkjaverkstæða eru ekki taldar upp dekkjavélar o.sv.frv. Starfsemi Skotreynd felst í rekstri skotvallar þar sem stunduð er haglabyssu skotfimi og skotið á leirdúfur. Starfsemin verður vart rekin nema til staðar sé búnaður til að kasta dúfunum í loftið og verður að telja þann búnað eðlilegan hluta af útbúnaði og rekstri skotvallar sem og annan búnað og aðstöðu sem nýtt er í starfseminni sem slíkri.

Að mati HER fer ekki fram leyfisskyld starfsemi í félagshúsi í skilningi laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. svar við næstu athugasemd að ofan.

4. Blýmengun og mengun vegna leirdúfa

Við gerum alvarlegar athugasemdir við að ákvæði um mengunarvarnir virðast ekki hafa verið hert þrátt fyrir þá þekkingu sem liggur fyrir um umhverfisáhrif skotvalla. Skotvellir eru meðal þeirra íþróttasvæða þar sem veruleg hættu getur skapast á uppsöfnun þungmálma, sérstaklega blýs, auk mengunar vegna leirdúfa og annarra efna sem notuð eru við starfsemina. Í stað þess að viðhalda óbreyttum skilyrðum frá fyrri starfsleyfum hefði þurft að endurmeta kröfur um:

- reglubundna vöktun á blýmengun,
- hreinsun mengaðs jarðvegs,
- ábyrgð á frágangi svæðisins þegar starfsemi lýkur,
- langtímaáhrif starfseminnar á umhverfið.

Ekki er hægt að líta fram hjá því að starfsemin hefur verið rekin á sama stað í áratugi og að möguleg uppsöfnun mengunarefna getur verið veruleg.

Svar HER.

Í kafla 2 í auglýstum drögum að starfsleyfisskilyrðum er kveðið á um að óheimilt sé að nota blýhögl og skyldu rekstraraðila að hafa eftirlit með að notendur virði ákvæðið. Blýhögl hafa verið bönnuð í starfsemi Skotreynd frá árinu 2021. Þá er einnig kveðið á um í sama kafla að óheimilt sé að nota leirdúfur sem að innihalda tjörubindiefni og að leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH. Rekstraraðila ber að hafa eftirlit með því að notendur virði ákvæðið. Í áttunda kafla eru ákvæði um hreinsun á svæði sem rekstraraðili hefur til umráða ásamt áhrifasvæðis starfseminnar, flytji starfsemin eða leggist niður. Þá hefur verið bætt inn í starfsleyfið frá auglýstri tillögu kafla fimm um mælingar á hávaða og mengun. M.a kemur þar inn á ný ákvæði úr fyrri starfsleyfi þ.e. gr. 5.4 þar sem kveðið er á um að HER geti fyrirskipað að láta framkvæma jarðvegsmælingar til að meta hvort og hversu mikil þungmálmamengun hefur borist innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim.



Mengun að völdum blýs frá starfsemi skotvalla er gamall vandi og verður ekki séð að hún muni aukast við áframhaldandi starfsemi þar sem notkun á blýhöglum er bönnuð. Starfsemin felur ekki í sér rask á yfirborði á athafnasvæðinu eða áhrifasvæðinu og breytir þannig ekki formi eða umfangi mengunarinnar. Þá er ekki um bráðamengun að ræða. Ljóst er að verði breytingar á landnotkun þannig að uppbygging fari fram á svæðinu þarf að fara í ítarlegar mengunarrannsóknir og mögulega hreinsunaraðgerðir byggðar á niðurstöðum þeirra rannsókna. Verði af áformum um Sundabraut er líklegt að rask verði á svæði Skotreynd og er nauðsynlegt að þá fari fram mengunarrannsóknir t.d. til að ákvarða hvort og hvar megi nýta þann jarðveg sem raskað verður að teknu tilliti til mengunarástands og krafna um meðhöndlun á menguninni. Einnig má benda á að nú er enginn móttökustaður á Íslandi fyrir jarðveg mengaðan af völdum þungmálma né staður til meðhöndlunar og hreinsunar á slíkum jarðvegi. Það gæti breyst á næstu árum og þar með breytt forsendum fyrir því að meðhöndla mengaðan jarðveg. Telur HER að skynsamlega sé að hinkra og fylgjast með þeirri þróun þar sem ólíklegt er að mengunarvandinn aukist á meðan yfirborð á athafnasvæðinu er óraskað.

5. Hávaðamengun og ófullnægjandi grundvöllur starfsleyfis

Við gerum alvarlegar athugasemdir við þá niðurstöðu sem byggir á hávaðagreiningu Brekke & Strand. Sú greining endurspeglar ekki raunverulegt ástand sem íbúar í nágrenni skotsvæðisins búa við. Við leggjum jafnframt fram umsögn frá Trivium til stuðnings sjónarmiðum okkar varðandi hljóðvist og áhrif starfseminnar (sjá viðhengi).

Íbúar undir Esjunni hafa ítrekað bent á að hávaði frá starfseminni sé verulegur og hafi neikvæð áhrif á lífsgæði, útivist og notkun heimilis. Mælingar sem íbúar hafa m.a. framkvæmt með einföldum mælitækjum hafa sýnt hávaðagildi upp í 83 dB þegar starfsemi er í gangi. Þrátt fyrir þetta virðist hávaðamat Brekke & Strand ekki taka nægilegt tillit til raunverulegrar upplifunar íbúa eða sérstakra aðstæðna svæðisins, meðal annars vegna landslags, fjalla og hljóðdreifingar frá Álfsnesi yfir byggðina undir Esjunni.

Við teljum sérstaklega ámælisvert að Esjan og íbúðarsvæðin þar undir hafi ekki verið tekin með fullnægjandi hætti inn í útreikninga og mat á áhrifum starfseminnar.

Í greinargerð Skotreynd er vísað til hávaðamælinga þar sem niðurstöður sýna um 50 dB. Þessar niðurstöður geta hins vegar ekki talist fullnægjandi grundvöllur fyrir ákvörðun um starfsleyfi þar sem þær byggja ekki á sértækri aðferðafræði fyrir skotvelli heldur almennum mælingum sem notaðar eru fyrir iðnaðarsvæði.

Skotvöllur hefur sérstöðu vegna:

- mjög skyndilegra og háværra skothvella,



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

- endurtekinna hávaðatoppa,
- sálrænna áhrifa óvæntra skothljóða,
- áhrifa á friðhelgi heimilis og útivist.

Ekki er nægilegt að miða eingöngu við meðaltalshávaða þegar um er að ræða starfsemi sem einkennist af skyndilegum og ítrekuðum hávaðatoppum.

Svar HER:

Það er ljóst að starfseminni fylgir hávaði og getur orðið ónæði af völdum hávaðans. Til að meta hávaða eru sett viðmið í reglugerð um hávaða. Þó vantar í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða ákvæði sem eiga sérstaklega við um hávaða frá starfsemi skotvalla. Jafnframt hefur Umhverfisstofnun, nú Umhverfis- og orkustofnun (UOS), skyldu um að leiðbeina um aðferðir við mælingar á hávaða frá starfseminni. Í leiðbeiningum UOS til HER dags. 11. mars 2022 er mælt með því að nota sænska aðferð (Allmänna råd om buller från skjutbanor) við mælingar og útreikninga á áhrifunum. HER framkvæmdi árið 2022 mælingar samkvæmt aðferðafræði sem þar er lýst. Niðurstöður mælinga HER eru að mælingar voru innan viðmiða í sænsku leiðbeiningunum sbr. töflu í leiðbeiningunum fyrir tvo af þremur flokkum skotvalla sem viðmið eru sett fyrir. Enginn af flokkunum passar beint við skotvöll Skotreyrn, en flokkurinn „Nýbygging eða veruleg endurbygging skotvalla“ á þó, að mati HER, síst við og er því horft til viðmiða fyrir velli byggða fyrir 1982. Mælingar HER frá 2022 eru lagðar til grundvallar ákvörðunar um útgáfu starfsleyfis.

Brekke&Strand vann hljóðvistarsskýrslu fyrir Skotreyrn þar sem reiknaður hávaði frá skotæfingasvæðinu er borinn saman við viðmið sænsku leiðbeininganna. Niðurstöður útreikninga Brekke&Strand eru að við þrjú hús eru reiknuð gildi á bilinu 75-80 dB, sem er innan viðmiða fyrir annan af tveimur flokkum fyrir skotvelli byggða fyrir 1982 í sænsku leiðbeiningunum en yfir viðmiði fyrir hinn. Óvissa í útreikningum er sögð vera minni en 5-6 dB.

Að teknu tilliti til þeirra mótvægisáðgerða sem starfsleyfið mælir fyrir um, að skylda sé að nota skot sem gefa minnstan hávaða, takmarkanir á opnun við ákveðnar veðuraðstæður og tillagna sem kalla á frekari vinnu s.s. tilfærslu hljóðmana og könnunar á snúningi á skotstefnu fleiri valla til NV, telur HER að hávaði frá starfseminni verði innan viðmiða fyrir flokk 2 í sænsku leiðbeiningunum eða mest á bilinu 65-70 dB. Um leið telur HER að æskilegt sé að sannreyna árangur skilyrða og mótvægisáðgerða og áformar HER að framkvæma hljóðmælingar samkvæmt sænsku leiðbeiningunum þegar færi gefst til en ekki gafst færi á endurteknum mælingum á þeim tíma sem tillaga að starfsleyfi hefur verið í vinnslu og auglýsingu. Leiði niðurstöður mælinga í ljós að hávaði mælist meiri en gert er ráð fyrir má búast við að starfsleyfið verði tekið til endurskoðunar sbr. grein 1.4 í starfsleyfis-skilyrðum.

Í athugasemdinni er vísað í niðurstöður mælinga sem íbúar hafa gert sjálfir með einföldum mælitækjum en ekki kemur fram neitt um aðferðafræði við mælingarnar né aðstæður að öðru leyti. Í ljósi athugasemdarinnar og greinargerðar Trivium sem var fylgiskjal með athugasemdinni óskaði HER eftir því við höfunda athugasemdanna í að fá afrit af skýrslu



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

vegna hljóðmælinga Trivium fyrir íbúa frá því fyrir nokkrum árum en þeirri beiðni var synjað. Því er erfitt að bera þær á einhvern hátt saman við niðurstöður mælinga HER eða hávaðakortlagningu Brekke&Strand með faglegum hætti. Hlýtur það að draga úr vægi málflutnings að byggja á vísun í og fullyrðingar um hljóðmælingar sem engar upplýsingar fást um þar með talið að framkvæmdin hafi verið í samræmi við hina sænsku aðferð.

Í athugasemdunum er vísað í að í greinargerð Skotreynd með umsókn um starfsleyfi sé vísað í hávaðamælingar sem sýna niðurstöður um 50 dB og sagt að niðurstöðurnar geti ekki talist fullnægjandi grundvöllur fyrir ákvörðun um starfsleyfi þar sem þær byggja ekki á sértækri aðferðarfræði fyrir skotvelli. Það er rétt að þarna vísar Skotreynd í og sýnir niðurstöður HER fyrir jafngildishljóðstig en ekki mælingar samkvæmt hinni sænsku aðferð við mælingar frá skotvöllum. Við sama tækifæri framkvæmdi HER einnig mælingar samkvæmt sænsku aðferðinni, eins og fram kemur að ofan, og eru niðurstöður þeirra mælinga meðfylgjandi. Niðurstöðurnar eru að mælingarnar eru innan viðmiða í sænsku aðferðinni. Þessar niðurstöður hljóðmælinga HER samkvæmt sænsku aðferðinni liggja til grundvallar ákvörðun um útgáfu starfsleyfis en einnig var hljóðvistarskýrsla Brekke&Strand höfð til hliðsjónar.

Til að koma til móts við sjónarmið íbúa um hávaða og ónæði af völdum starfseminnar eru sett eftirfarandi ákvæði í starfsleyfisskilyrðum.

- Opnunartími er enn frekar dreginn saman frá fyrri starfsleyfum
- Starfsemi er takmörkuð í ákveðnum veðuraðstæðum þegar mestar líkur eru á því að vindur beri hávaða að næstu húsum við starfsemina
- Tilmæli eru um að notuð séu skot með minnstum hávaða og rekstraraðila ætlað að hafa eftirlit með því
- Rekstraraðili skal vinna að raunhæfum úrbótum til að minnka hávaða og ónæði frá starfseminni og skila inn tillögum fyrir 1. apríl 2027.
- HER hefur sett fram áætlun um vöktunarmælingar sem geta gefið upplýsingar um opnunartíma, hávaða og álag af völdum starfseminnar
- HER áformar hljóðmælingar samkvæmt sænskum leiðbeiningum til að meta hvort mótvægisáðgerðir eru að skila árangri

6. Ákvæði aðalskipulags um hávaðavöktun ekki uppfyllt

Í greinargerð Aðalskipulags Reykjavíkur AR2040 kemur fram að við gerð starfsleyfa skuli gera skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfsemi og að heilbrigðiseftirlit skuli framkvæma hávaðamælingar samkvæmt gildandi reglugerðum og opinberum leiðbeiningum. Þar kemur einnig fram að framkvæma skuli tímabundnar vöktunarmælingar með síritandi hávaðamælum að minnsta kosti tvisvar á ári. Að okkar mati liggur ekki fyrir að þessar kröfur hafi verið uppfylltar áður en starfsleyfi er lagt til samþykktar.

Þar sem verulegur ágreiningur er um raunverulegt hávaðaálag verður að gera sjálfstæða og fullnægjandi hávaðamæling og rannsókn áður en leyfi er veitt eins og kemur fram í



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

aðalskipulagi. Ekki er ásættanlegt að byggja ákvörðun eingöngu á gögnum frá rekstraraðila eða útreikningum sem íbúar telja ekki endurspeglar raunverulegt ástand.

Svar HER:

Frá því að ákvæði um vöktun hávaða kom inn í greinargerð um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur hefur starfsemi Skotreytnar verið takmörkuð og ekki gefist tækifæri til að framkvæma vöktunarmælingar. HER hefur yfir að ráða takmörkuðum fjölda hljóðmæla en æfin verkefni á því sviði og gafst ekki tóm til að framkvæma vöktunarmælingar þann tíma sem starfsemin var heimil árið 2025. Vegna útgáfu starfsleyfi árið 2025 útbjó HER vöktunaráætlun vegna starfseminnar og er hún tekin upp í þessu starfsleyfi sbr. gr. 5.1 sem er breyting frá auglýstri tillögu. Í áætluninni kemur fram að fyrirhugað er að mæla tvisvar sinnum á ári með síritandi hljóðmæli. Mælt verði á tveimur stöðum í minnst tvo sólarhringa. Einnig kemur fram að ekki sé hægt að fastsetja hvenær mælingarnar munu fara fram þar sem taka þarf mið af veðurfarsaðstæðum í samræmi við staðla.

HER hefur tekið kvartanir um ónæði af völdum starfseminnar alvarlega og komið til móts við kvartanir með því að draga úr opnunartíma starfseminnar. Í þessari tillögu er gengið enn lengra en áður í því að takmarka opnunartíma.

7. Varúðarreglan og áhrif á heilsu og lífsgæði íbúa

Við viljum sérstaklega benda á að við ákvörðun um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur haft veruleg áhrif á umhverfi og heilsu verður að beita varúðarreglu. Þegar óvissa ríkir um umfang mengunar eða hávaðaáhrifa á ekki að túlka vafann starfseminni í hag. Ábyrg stjórnvísla krefst þess að tryggt sé að starfsemin valdi ekki óásættanlegu álagi á íbúa áður en heimild er veitt til áframhaldandi og aukinnar starfsemi.

Svar HER:

Ítrekað er að á síðustu árum hefur HER komið til móts við kvartanir íbúa með því að takmarka opnunartíma starfseminnar, auk fleiri aðgerða í þessu starfsleyfi, til að draga úr ónæði af völdum hennar. Þannig er komið til móts við sjónarmið íbúa og vafi um áhrifin túlkuð þeim í hag.

HER er meðvitað um að hávaði er vaxandi heilsuógn í nútímasamfélagi og þarf að vera vel á varðbergi vegna þess. HER lítur síður en svo á að hávaðamál séu léttvæg og má benda á að HER hefur í umsögnum um t.d. skipulagsmál komið af vaxandi þunga inn á hávaðamál vegna umferðar, flugumferðar og þéttingar byggðar svo fátt eitt sé nefnt. Um leið er HER ljóst að seint verður komið í veg fyrir að hávaði frá starfsemi og athöfnum valdi engu ónæði í nærumhverfi en með ákvæðum í starfsleyfi má draga úr þeim áhrifum líkt og leitast er við að gera hér.

8. Athugasemdir við fyrirhugaðan opnunartíma



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Við mótmælum harðlega fyrirhugaðri lengingu opnunartíma skotsvæðisins. Í töflu 2 í skýrslu Brekke & Strand kemur fram dæmigerð notkun skotsvæðisins. Við teljum ósamræmi felast í því að starfsleyfi sé gefið út með rýmri heimildum en þar kemur fram sem dæmigerð notkun starfseminnar.

Sérstaklega mótmælum við:

- fjölgun kvölda þar sem starfsemin má standa til klukkan 21,
- lengri notkun á laugardögum,
- auknum fjölda keppnisdaga.

Tíminn frá því fólk kemur heim eftir vinnudag og um helgar er sá tími sem almennt er ætlaður til hvíldar, fjölskyldulífs og notkunar heimilis. Það er einmitt á þeim tíma sem áhrif skotsvæðisins eru hvað mest. Við teljum því að fyrirhugaður opnunartími sé í ósamræmi við rétt íbúa til friðsæls heimilisumhverfis og eðlilegra lífsgæða.

Til samanburðar má benda á að í sumum Evrópulöndum þar sem skotvællir eru nálægt byggð eru verulegar takmarkanir á starfsemi, bæði hvað varðar fjölda daga og tímasetningar. Slíkar takmarkanir eru viðurkennd leið til að tryggja jafnvægi milli starfsemi og hagsmuna nærliggjandi íbúa.

Svar HER:

Heilt yfir lítið hefur opnunartími skotvalla í starfsleyfi HER verið dreginn markvisst saman á síðustu árum. Dögum þar sem starfsemin er heimil hefur fækkað og opnunartími hefur verið stytur flesta daga sem opið er. Einnig hafa takmarkanir verið settar við mótahald. Þá sætir starfsemin einnig náttúrulegum takmörkun sem eru veðurfarsaðstæður og birtuskilyrði sem valda því að heimilaður opnunartími nýtist lítið að vetri til. Breytingar í tillögu að starfsleyfi sem hér er til umræðu felast í því að enn er opnunartími dreginn saman og er 34 klst. á viku og starfsemi er heimil fjóra daga í viku í stað fimm áður. Heimild til mótahalds er aukin en jafnframt kemur ákvæði um að samanlagt verði skotfélögin ekki með keppnir á fleirum en tveimur helgum í hverjum mánuði og er þar með tryggt að mótahald fer ekki fram a.m.k. tvær helgar í mánuði hverjum.

Tafla 1: Samanburður á opnunartímar í starfsleyfum frá 2010

Starfsleyfi útgengið	Opnunartími að vetri (16.9 – 14.4) – (fjöldi klst.)	Opnunartími að sumri (15.4 – 15.9) – (fjöldi klst.)	Opnunartími (fjöldi klst.)	– Ákvæði um mótahald	Dagar sem starfsemi er ekki heimil
-------------------------	--	--	-------------------------------	-------------------------	--



2010	Virkir dagar kl. 12-20, laugardagar 12-18 (46 klst.)	Virkir dagar 10-22, laugardagar 10-18 (68 klst)		Ekki takmörk við mótahaldi – hægt að sækja um aukinn opnunartíma vegna móta	Sunnudagar undanþágur mögulegar ef mótahald
2015	Virkir dagar kl. 12-20, laugardagar 12-18 (46 klst)	Virkir dagar 10-22, laugardagar 10-18 (68 klst)		Aukinn opnunartími vegna móta	Sunnudagar undanþágur mögulegar ef mótahald
2021			Virkir dagar kl. 10-19, laugardagar 10-16 (42 klst)	Fjögur mót á ári með rýmri opnunartíma	Sunn- og föstudagar undanþágur mögulegar ef mótahald
2022			Mánu- og fimmtudaga kl. 10-21, þriðju og miðvikud. kl. 10-19, laugardagar 10-16 (46 klst.)	Fjögur mót á ári með rýmri opnunartíma, mest 1 mót í mánuði	Sunn- og föstudaga, undanþágur mögulegar annan daginn ef mótahald
2025			Mánu- og fimmtudaga kl. 10-21, þriðju og miðvikud. kl. 10-19, laugardagar 10-16 (46 klst.)	Fjögur mót á ári með rýmri opnunartíma, mest 1 mót í mánuði	Sunn- og föstudaga, undanþágur mögulegar annan daginn ef mótahald
Tillaga 2026			Þriðju- og fimmtudaga l. 12-21, laugardaga kl. 10-17 (34 klst)	Allt að sex mót á ári með rýmri opnunartíma, mest 2 í mánuði	Sunn-, mánu- og föstudaga, undanþágur mögulegar sunnu eða föstudag ef mótahald

Í töflu 1 sést að opnunartími hefur verið dreginn verulega saman frá árinu 2010 eða um 50% á sumrin. Einnig hefur dögum sem starfsemin er ekki heimil verið fjölgað úr einum í þrjá í viku. Þetta er gert til að koma til móts við athugasemdir og ábendingar um hávaða og ónæði frá starfseminni.

9. Keppnishald og aukin starfsemi

Við mótmælum einnig harðlega auknum heimildum til keppnishalds. Samkvæmt drögum að starfsleyfi er gert ráð fyrir að heimila keppnir allt að tvisvar í mánuði og sex sinnum á ári, en áður var gert ráð fyrir færri keppnisdögum. Keppnishelgar fela í sér verulega aukningu á starfsemi, bæði hvað varðar fjölda skota, fjölda þátttakenda og lengd starfseminnar. Jafnvel þótt hávaðamörk væru talin uppfyllt myndi slíkt umfang starfsemi



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

hafa veruleg áhrif á íbúa í nágrenni. Við teljum því að ekki sé réttlætanlegt að auka slíka starfsemi á meðan áhrif hennar á íbúa eru enn óleyst.

Svar HER:

Rétt er að í tillögunni er gert ráð fyrir að keppnum fjölgi og megi mest vera sex á ári. Um leið er sett inn nýtt ákvæði um að skotfélögin skuli hafa samráð um að mót séu ekki meira en tvær helgar í hverjum mánuði. Mótahald fer alla jafna fram á tímabilinu maí til september eða í 5 mánuði þó dæmi sé um mótahald á öðrum mánuðum. Að mati HER vegur mun þyngra að dögum sem starfsemi er heimil hefur verið fækkað um einn í viku og opnunartími stytur sem leiðir til þess að heildaráhrif af starfseminni eiga að dragast saman frá fyrra starfsleyfi.

10. Lokaorð og krafa um endurmat

Eftir áratuga ágreining, fjölmargar kærur og ítarlega umræðu og mat sérfræðinga um áhrif starfseminnar teljum við ljóst að skotsvæði Skotreyrn á Álfsnesi samrýmist ekki lengur þeirri þróun sem orðið hefur á svæðinu. Svæðið er í nálægð við íbúabyggð sem mun fara vaxandi með tilkomu Sundarbrautar og ekki er lengur hægt að líta fram hjá áhrifum starfseminnar á heilsu, umhverfi og lífsgæði íbúa. Það er ekki ásættanlegt að bíða eingöngu eftir mögulegum framtíðarframkvæmdum eins og Sundabraut áður en gripið er til aðgerða. Meta þarf stöðuna út frá núverandi aðstæðum. Víða hefur verið litið svo á að starfsemi sem hefur í för með sér hávaða eða mengunarhættu eigi almennt heima utan þéttbýlis. Í Reykjavík og nágrenni eru svæði sem henta betur fyrir slíka starfsemi, meðal annars Bolaöldu þar sem akstursíþróttir hafa þegar verið staðsettar utan íbúabyggðar. Við íbúar á þessu svæði greiðum fasteignagjöld til Reykjavíkurborgar og gerum þá eðlilegu kröfu að sveitarfélagið tryggi okkur heilnæmt og öruggt búsetuumhverfi. Með hliðsjón af framangreindu teljum við að núverandi gögn styðji ekki útgáfu nýs starfsleyfis fyrir áframhaldandi og aukna starfsemi Skotreyrn á Álfsnesi. Við förum því fram á að starfsleyfi verði ekki samþykkt.

Svar HER:

Í gegnum tíðina hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til að finna nýtt svæði fyrir skotvelli í landi Reykjavíkur. Sú leit hefur ekki skilað valkosti sem þykir hafa ótvíræða kosti umfram núverandi staðsetningu. Ekki er ljóst til hvaða svæða er vísað með orðum um að í Reykjavík og nágrenni séu svæði sem henta betur fyrir slíka starfsemi en þess ber að geta að Bolaöldur eru utan við lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og tilheyrir það svæði sveitarfélaginu Ölfuss og hefur Reykjavík hvorki skipulagsvald né ráðstöfunarrétt á því svæði.

Ekki verður séð af fyrirbyggjandi skipulagsgögnum að fyrirhugað sé að auka íbúðarbyggð á áhrifasvæði starfseminnar í tengslum við gerð Sundabrautar. Þá er ljóst að töluverður



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

hávaði mun fylgja umferð um Sundabraut, verði af henni, sem mun að líkindum draga úr upplifun íbúa af starfsemi skotvalla. HER tekur ekki ákvarðanir um staðsetningu skotvalla eða annarra starfsemi. Skipulagsvalið liggur hjá sveitarstjórnnum og því þarf að beina áskorunum um nýja staðsetningu skotvalla til sveitarstjórnar. HER hefur það hlutverk að meta áhrif af starfseminni og setja henni skilyrði til að draga úr áhrifum hennar. Það hefur verið gert og ítrekað er að opnunartími hefur markvisst verið dreginn saman í starfsleyfum til að draga úr hávaða, ónæði og áhrifum á íbúa, auk fleiri ákvæða sem miða að sama marki. Nú liggur það fyrir að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga verður, samkvæmt ákvörðun Alþingis, lagt niður í lok árs 2026 og munu þá leyfi og eftirlit með starfsemi færast til Umhverfis- og orkustofnunar.

Athugasemdir v. fyrirhugaðar útgáfu starfsleyfis Skotreynar á Álfsnesi, Sigríður Ingólfssdóttir, dagsett 30.7.2026. HER-202607-9562.

1. Umsókn Skotreynar

Umsóknin er m.a. ekki í samræmi við reglugerð 550/2018 6.gr og reglugerð 803/2024 8.gr.

Í umsóknina vantar t.d. aðsetur starfsstöðvar, rétt póstnúmer starfsstöðvar, nafn forsvarsmanns, kennitölu forsvarsmanns, sími forsvarsmanns, netfang forsvarsmanns. Hvar fer starfsemin fram- svarið er mjög óviðeigandi og óstaðsett á Álfsnesi.

Svar HER:

Vegna persónuverndarsjónarmiða eru persónugreinanlegar upplýsingar um forsvarsmann starfseminnar teknar út við auglýsingu á tillögu að starfsleyfi, sbr. lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Starfsemin fer fram innan athafnasvæðis félagsins á Álfsnesi. Nánari skilgreiningu er ekki einfalt að setja fram þess sem ekki hefur verið skilgreind lóð um starfsemina. Í greinargerð vegna aðalskipulagsbreytingar við Aðalskipulag Reykjavíkur – skotæfingasvæði á Álfsnesi, skilgreining íþróttasvæðis, má á mynd 1 sjá nánari staðsetningu á skotsvæði Skotreyrn, merkt C, innan Álfsnes. Við afgreiðslu starfsleyfis var vísun í myndina varðandi staðsetningu starfseminnar bætt inn í gr. 1.3. í starfsleyfiskilyrðum

2. Leyfisveitingar hjá Umhverfiseftirliti á síðunni reykjavik.is er eftirfarandi:

Áður en sótt er um starfsleyfi eða skráningu skal umsækjandi fá staðfestingu byggingarfulltrúa á að húsnæði og starfsemi sé í samræmi við skipulag og ákvæði byggingarreglugerðar. Umsækjandi skal jafnframt hafa gengið úr skugga um að húsnæðið og starfsemin sem ætlunin er að starfrækja starfsemi í, sé í samræmi við síðustu samþykktu teikningar af húsnæðinu. **Engin slík staðfesting byggingarfulltrúa fylgir umsókn Skotreynar og er það ámælisvert.**



Svar HER:

Í athugasemd er vísað til skothúsa, kastturna og félagsaðstöðu á svæðinu og sú spurning sett fram hvort mannvirkin hafi hlotið tilskilin leyfi eða séu skráð í fasteignaskrá. Af því tilefni er bent á að fasteign og mannvirki eru ekki sama réttarhugtakið. Mat á samræmi starfseminnar við skipulag og samþykktu notkun fasteignar er annað álitaefni en mat á því hvort einstök mannvirki uppfylli kröfur mannvirkjalaga og byggingarreglugerðar. Hugsanleg óvissa um skráningu eða leyfisstöðu einstakra mannvirkja leiðir því ekki ein og sér til þess að synja beri um starfsleyfi fyrir starfsemi sem að öðru leyti uppfyllir skilyrði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eftir atvikum eru álitaefni um lögmæti eða skráningu einstakra mannvirkja á forræði byggingaryfirvalda og sæta sjálfstæðri málsmeðferð samkvæmt mannvirkjalöggjöf.

3. Vatnshlot: meðfylgjandi skjal þar um er hvergi vottað af þar til bærum aðilum né kemur fram hver vann skjalið. Greinargerðin þyrfti vera til muna ítarlegri og hafi m.a. skort á að gerð væri fullnægjandi grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatnshlot. Höfuðspurning sem þarf að svara í upphafi samkvæmt leiðbeiningunum Umhverfis- og orkustofnunar er hvort starfsemi valdi því að ástandi vatnshlots muni hnigna, tímabundið eða varanlega. Þetta vantar skýrar í skjalið.

Svar HER:

HER tekur undir að æskilegt væri að fram kæmi hver vann áhrifamatið. Í leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar um gerð áhrifamats á vatnshlot kemur fram að framkvæmdar/rekstraraðili skuli vinna áhrifamat. Ekki koma fram kröfur um þekkingu eða færni aðila sem vinna skuli matið og því ekki séð að það eitt að ekki komi fram hver vann matið sé næg ástæða til þess að líta svo á að það sé ófullnægjandi.

Vatnshlot sem gætu orðið fyrir áhrifum eru tvö. grunnvatnshlotið Leirvogsá (104-289-G) og strandsjárvarhlotið Straumsvík-Kjalarnes (104-1391-C). Samkvæmt upplýsingum í vatnasjá <https://vatnavefsja.vedur.is>, er bæði vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand metið sem mjög gott fyrir grunnvatnshlotið Leirvogsá. Hvað varðar vatnshlotið Straumsvík-Kjalarnes er vistfræðilegt ástand metið mjög gott en efnafræðilegt ástand er óþekkt. Umhverfismarkmið fyrir bæði vatnshlot er að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand sé mjög gott.

HER bendir á að Kollafjörður hefur verið viðtaki skólps frá iðnaðarsvæði við Esjumela í þónokkurn tíma og lengur en Skotreynd hefur verið með starfsemi á Álfsnesi. Bæst hefur í flóru starfsemi á Esjumelum yfir síðasta ár og hefur því fylgt aukið mengunarálag á viðtakann í Kollafirði.

Helstu áhættuþættir í starfsemi Skotreynd í þessu sambandi er losun mengandi efna frá höglum sem lenda á strönd eða út í sjó og á jörðu. Mengandi efni gætu losnað úr höglunum og mögulega borist út í sjó eða í grunnvatn. Möguleg áhrif væru bundin við mengandi efni sem losna úr höglum en ekki eru líkur á að t.d. næringarefni losni í vatnshlotin vegna



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

starfseminnar. Þegar blýhögl voru bönnuð í starfseminni var stórlega dregið úr hættu á aukinni mengun frá starfseminni. HER tekur undir að ólíklegt sé að starfsemin sem sótt er um nú hafi þau áhrif á vatnshlot að það breyti til hnignunar vistfræðilegu eða efnafræðilegu ástandi þeirra.

Í ljósi þess að efnafræðilegt ástand vatnshlota er óþekkt, að í viðtakann Kollafjörð berst frárennsli frá margvíslegri mengandi starfsemi, að sýnataka er ólíkleg til að geta greint uppruna mengunar þar með talið hvort, hvaða eða hversu mikil mengun komi frá starfsemi Skotreyrn, óljóst er á hvern hátt niðurstöður gætu nýst og að sýnataka og mælingar á mengun er kostnaðarsöm framkvæmd er það niðurstaða HER að setja ekki kvöð um vöktun ástands vatnshlota í starfsleyfið. Um leið er minnt á ákvæði gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum um að starfsleyfi skuli endurskoða ef fram koma gögn um að mengun af völdum starfseminnar sé meiri en búast mátti við þegar leyfið var gefið út.

4. Leyfisbréf embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem viðurkennir æfinga- og keppnissvæði skotfélagsins ---Vantar með umsókninni. Skal starfsleyfi veitt starfsemi uppfylli hún þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum nr. 7/1998 og reglugerðum settum samkvæmt þeim að teknu tilliti til annarrar löggjafar, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna. Er þar m.a. að líta til skipulagslaga nr. 123/2010 og í máli þessu til vopnalaga nr. 16/1998. Samkvæmt 24. gr. nefndra laga er skotfélagi eða öðrum óheimilt að efna til skotkeppni eða skotæfinga á öðru svæði en lögreglustjóri hafi leyft að notað verði til slíkrar starfsemi og má finna nánari ákvæði um skotsvæði í IV. kafla reglugerðar nr. 787/1998 um skotvopn, skotfæri o.fl.. mgr. 17. gr. vopnalaga. Þar sem ég hef bent á þetta nokkrum sinnum áður, er nú kominn tími til að þetta verði uppfyllt í umsókninni.

Vil ég því benda á úrskurð UUA- Fyrir var tekið mál nr. 42/2018, kæra á ákvörðun heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 9. febrúar 2018 um að veita leyfi til að starfrækja skotvöll í landi Hjaltabakka, Húnavatnshreppi. „Hins vegar liggur fyrir leyfisbréf embættis lögreglustjórans á Norðurlandi vestra, dags. 30. janúar 2017, sem viðurkennir æfinga- og keppnissvæði skotfélagsins. Í leyfisbréfinu, sem gildir til tíu ára, kemur fram að svæðið teljist uppfylla skilyrði IV. kafla reglugerðar nr. 787/1998 um skotvopn, skotfæri o.fl. og að leyfið sé veitt með heimild í 24. gr. vopnalaga nr. 16/1998.,,

Svar HER:

Leyfi lögreglustjóra er til staðar og er fylgiskjal með greinargerðinni.

5. Jarðvegsmengun



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Í kaflanum um almenn starfsleyfisiskilyrði fyrir mengandi starfsemiskal heilbrigðiseftirlit vinna frummat sbr. ákvæði í 9.gr. um mengaðan jarðveg. Í þeirri sömu reglugerð 1400/2020 9.gr. skal heilbrigðisnefnd gera frummat á aðstæðum svo fljótt sem verða má. Í fyrri starfsleyfum var ávallt getið um yfirborðsefni til að hamla því að höögl færu niður í jarðveginn. Það var þó aldrei gert. Kannski eru menn almennt búnir að gleyma umfanginu og kostnaðnum við að fjarlægja mengaðan jarðveg úr Leirdal. Ég vil vísa í fyrri athugasemdir mínar frá 15.janúar 2025 Kafli 3. Ítreka að umræddar kröfur á að uppfylla áður en starfsleyfið verður gefið út.

Svar HER:

HER hefur unnið frummat vegna mengunar frá starfseminni og er það aðgengilegt í kortasjá Umhverfis- og orkustofnunar yfir menguð svæði. Niðurstaðan er áhættuflokkur 3 eða hófleg áhætta en engu að síður krafa um að unnin verði áhættugreining sem felur m.a. í sér rannsóknir á gerð og styrk mengunar. HER metur það svo að ekki sé um bráðahættu að ræða og að rannsóknir geti farið fram þegar og ef yfirborði á svæðinu verður raskað. Frummatið er unnið út frá fyrirliggjandi upplýsingum sem eru frekar takmarkaðar og getur niðurstaðan tekið breytingum þegar frekari upplýsingar bætast við.

6. Hávaðamengun

Meðfylgjandi er umsögn Ólafs Hjálmarssonar hljóðverkfræðings, Trivium, sem unnin var að beiðni okkar íbúanna. Í starfsleyfinu er ekki kveðið á um framkvæmd tímabundinna vöktunarmælinga með síritandi hávaðamælum, líkt og gert er ráð fyrir í aðalskipulagi og leiðbeint var um með bréfi Umhverfisstofnunar til Heilbrigðiseftirlitsins dags. 11. mars 2022. 3.3 í starfsleyfisiskilyrðum er mælt með að hugað sé að skotstefnu ??? Þar er væntanlega átt við að snúa henni til NA. Það hefur löngu verið gert, með aukinni hljóðmengun og endurkasti frá Kistufelli hér niður til íbúa við botn Kollafjarðar. Ég vil vísa í fyrri athugasemdir mínar frá 15.janúar 2025 Kafli 3. sem fjalla helst um kröfur þær sem gerðar eru í AR2040 til skotsvæðanna. Ítreka nú að umræddar kröfur á að uppfylla áður en starfsleyfi er gefið út. Ekki er skýrt hvort verið er að endurnýja starfsleyfið eða um er að ræða nýtt starfsleyfi.

Svar HER:

Frá því að ákvæði kom inn um hávaðavöktun hefur starfsemi Skotreytnar verið takmörkuð og ekki gefist tækifæri til að framkvæma vöktunarmælingar. Vegna útgáfu starfsleyfi árið 2025 útbjó HER vöktunaráætlun vegna starfseminnar og er hún tekin upp í þessu starfsleyfi sbr. gr. 5.1 sem er breyting frá auglýstri tillögu. Í áætluninni kemur fram að fyrirhugað er að mæla tvisvar sinnum á ári með síritandi hljóðmæli. Mælt verði á tveimur



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

stöðum í minnst tvo sólarhringa. Einnig kemur fram að ekki sé hægt að fastsetja hvenær mælingarnar munu fara fram þar sem taka þarf mið af veðurfarsaðstæðum í samræmi við staðla. Stefnt er að því að framkvæma vöktunarmælingar einu sinni á árinu 2026. Rétt er að benda á að vöktunarmælingar eru ekki sama og hljóðmælingar samkvæmt sænsku aðferðinni, aðferðafræðin er ekki nákvæmlega sú sama. Vöktunarmælingar skila m.a. upplýsingum um það hvort opnunartími er virtur, notkun og álag í starfseminni, hávaðatoppa o.fl. Mælingarnar geta nýst til að meta hvort hávaði og ónæði sé meira en gert er ráð fyrir.

Í greinargerð rekstraraðila dags. 13. maí 2026 koma fram tillögur að mótvægisaðgerðum. Rekstraraðili mun beina því til notenda svæðisins að nota hljóðlægstu skot sem völ er á og hafa eftirlit með því að svo sé gert. Einnig hefur félagið lýst yfir vilja til þess að vinna áfram að skoðun á kostum þess að snúa skotstefnu á fleiri völlum en nr. 4 en útreikningar Brekke&Strand benda til þess að slík aðgerð skili nokkurri lækkun hljóðstigs. Ennfremur hefur HER, í ljósi athugasemda og útreikninga Brekke&Strand, bætt við nýju ákvæði um að starfsemin sé takmörkuð við ákveðnar veðuraðstæður, þ.e. ef vindur stendur á næstu hús og vindstyrkur er meiri en 5m/s. Þá hefur verið bætt við gr. 3.5. ákvæði um að rekstraraðili skili inn tímasettum tillögum að mótvægisaðgerðum fyrir 1. apríl 2027.

HER vill benda á að hér er verið að gefa út starfsleyfi til stutts tíma eða rúmra tveggja ára. Kröfur og möguleikar á mótvægisaðgerðum þurfa að vera raunhæfar bæði hvað varðar tíma og kostnað fyrir þennan gildistíma.

Skotsvæðið í Álfsnesi 162. Reykjavík, Ingvar Birnir Grétarsson, HER-202607-9399

Ég undirritaður er íbúi í Reykjavík, nánar tiltekið að Helgugrund 1. 116.

Þetta sumar hefur verið einstaklega gott hvað hljóðvist varðar, þar sem skotsvæðið í Álfsnesi hefur verið lokað að mestu leyti. Ég sá í fréttum að meðal ástæðna fyrir lokun svæðisins væru ófullnægjandi hávaðamælingar og önnur mengun.

Ástæða þessa bréfs er sú að hávaði er ekki alltaf sama og hávaði. Mikill munur er á því að sitja úti á verönd með kaffibolla eða vera í gönguferð og heyra í börnum að leik eða hafa daufan umferðarnið í fjarska annars vegar og hins vegar að þurfa að hlusta á stöðuga skothvelli frá skotvopnum. Þegar hávaðinn er mestur þarf jafnvel að loka gluggum til að draga úr að háfvaði berist inn á heimilið. Þetta minnir stundum á að búa í nálægð við stríð (eins og oft heyrir í fréttum sjónvarps).

Ég tel að margir geri sér ekki grein fyrir því hversu þreytandi og truflandi það er að hlusta á stanslausa skothvelli tímunum saman. Til dæmis hafa skothvelli oft hafist um klukkan 09:00 á laugardagsmorgnum og geta staðið fram undir klukkan 18:00. Að mínu mati fela þessar síendurteknu truflanir í sér verulega skerðingu á friðhelgi heimilisins og lífsgæðum íbúa svæðisins. Jafnframt hef ég lengi velt því fyrir mér hvers vegna ekki hafi



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

verið gerð krafa um notkun hljóðdeyfa á öllum skotvopnum, líkt og víða er gert á öðrum skotsvæðum.

Þegar ég tala um stanslausan hávaða á ég við að hann heyrir oft stóran hluta dags um helgar og jafnvel utan auglýsts opnunartíma skotsvæðisins. Það virðist því ekki alltaf vera farið að þeim reglum sem um starfsemina eiga að gilda.

Annað atriði sem ég á erfitt með að skilja er legan á skotlínunni miðað við umhverfið. Skotstefnan liggur yfir Kollafjörð í átt að þjóðvegi eitt. Um þann veg fara daglega þúsundir ökutækja, þar á meðal rútur með fjölda farþega. Þó að öryggiskröfur eigi að vera í hávegum hafðar vekur þessi staðsetning hjá mér áhyggjur. Ég hef oft hugsað um þetta þegar ég ek um þjóðveginn á sama tíma og skothvellir heyrast frá svæðinu. Þarna er stundum verið að nota skotvopn sem drepa auðveldlega á 1000 - 1200 metra færi og kúlan getur farið marga kílómetra. Bein lína yfir Kollafjörðin á þjóðveg eitt er 1000 metrar.

Mín skoðun er sú að skotsvæðið ætti ekki að opna aftur á núverandi stað

Að lokum vil ég ítreka að hávaði og hávaði er ekki það sama (jafnvel þó að mælingar standist einhverjar óraunhæfar kröfur þar sem um skotvopn er að ræða). Að mínu mati er óásættanlegt að starfsemi fárra einstaklinga geti haft svo veruleg áhrif á friðhelgi og lífsgæði fjölmargra íbúa á póstnúmerasvæðum 116, 161 og 162.

Svar HER:

Ljóst er af starfseminni stafa hávaði en HER hefur markvisst stytt opnunartíma í starfsleyfum síðustu ára til að draga úr hávaða og ónæði í ljósi kvartana og ábendinga íbúa. Í þessu leyfi er gengið enn lengra en áður í því að takmarka opnunartíma. Ekki er hægt að koma við hljóðdeyfum á hagabyssum og er það ástæða þess að ekki er að finna slíkt ákvæði í starfsleyfinu.

Ef ónæði er af völdum skotvopna utan við opnunartíma skotsvæða er óskað eftir því að send sé kvörtun um slíkt til HER þannig að hægt sé að rannsaka málið og, ef HER getur staðfest, grípa til aðgerða í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Eins og fram kemur í leyfinu er starfsemin takmörkuð við haglabyssu skotfimi.

Haglabyssur draga ekki yfir Kollafjörð og því á ekki við um starfsemi Skotreynd að högl frá starfseminni geti valdið hættu á þjóðvegi 1.

Helga Sigurðardóttir, 30.07.2026, HER-202607-9523.

Undirrituð mælist eindregið gegn því að starfsleyfi verði veitt fyrir skotæfingar á Álfsnesi með tilvísun til hljóðmælinga og álits Ólafs Hjálmarssonar hljóðverkfræðings. Skothvellir frá Álfsnesi hafa ollið miklu angri hjá þeim sem gistu á Móabergi meðan skothríðirnar



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

voru leyfðar. Nú er föst búseta á Móabergi – Kristófer Blær Jóhannsson och Hólmfríður Sunna Stefánsdóttir búa þar. Kristófer vinnur vaktavinnu sem sjúkraflutningamaður og þarf að geta sofið á daginn. Það er með ólíkindum ef á að bjóða fólki upp á þennan hávaða eina ferðina enn, þessa skothvelli. Margoft er búið að tala um að finna nýjan stað fyrir skotfélögin en ekkert gerist.

Engar skotæfingar á Álfsnesi!!!!

Med kveðju og fyrir hönd systkina minna, Kjartans Sigurðssonar og Sigurborgar Sigurðardóttur,

Helga Sigurðardóttir, Móabergi Kjalarnesi

Umsögn vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir skotæfingasvæði á Álfsnesi, Hávaðakortlagning og mótvægisaðgerðir, Trivium ráðgjöf, Ólafur Hjálmarsson.

Umsögn þessi er unnin að beiðni íbúa við norðanverðan Kollafjörð, í nágrenni skotæfingasvæðis Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis á Álfsnesi. Félagið hefur sótt um starfsleyfi með umsókn sem dagsett er 17. apríl 2026.

Við afgreiðslu umsóknarinnar þarf að leggja ríka áherslu á að fyrirbyggja verulegt og ítrekað ónæði og draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum hávaða á heilsu og lífsgæði íbúa í nálægri byggð; í anda reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Samkvæmt reglugerðinni ber rekstraraðilum að miða starfsemi sína við að hljóðstig fari ekki yfir viðeigandi mörk og gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði. Það verður að hafa í huga að heilsa íbúa í Kollafirði er í hættu með áframhaldandi starfsemi á skotæfingasvæðinu í Álfsnesi við óbreyttar aðstæður.

Með umsókninni fylgir skýrsla Brekke & Strand með hávaðakortlagningu frá skotsvæðinu yfir nálæga byggð við norðanverðan Kollafjörð. Aðstæður fyrir skotsvæði á Álfsnesi, þar sem skotið er í átt að íbúabyggð í norðlægar áttir yfir harðan vatnsflöt Kollafjarðar og í átt að Esju, eru íbúabyggðinni mjög óhagstæðar. Það er óvarlegt í skýrslu Brekke&Strand að líta fram hjá truflandi áhrifum hljóðendurkasts skothvella frá Esju fyrir íbúabyggðina.

Norræna reikniaðferðin NT ACOU 099 – Shooting Ranges: Prediction of Noise gerir ráð fyrir því að meta þurfi endurkast skothávaða frá hörðum flötum og fjallshlíðum sérstaklega. Þar kemur fram að hljóðendurkast geti orðið ráðandi við móttökustað; einkum þegar beint hljóð er skermað en endurkastaða hljóðleiðin óskermuð.

Í skýrslu Brekke&Strand er umfjöllun um mögulegar mótvægisaðgerðir heldur óljós. Í SoundPlan reiknilíkani fyrirtækisins er hljóðstig frá skotsvæðinu við Móavík án



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

mótvægisaðgerða reiknað $LAI = 75 - 80$ dB. Óvissa eða skekkjumörk eru metin að hámarki 5 til 6 dB. Fyrirliggjandi hljóðmælingar Trivium gáfu $LAI = 85$ dB við Móavík sem bendir til þess að reiknilíkan geti legið heldur á óruggu hliðinni fyrir velferð íbúa.

Í NT ACOU 099 kemur fram að búast megi við meiri frávikum þegar reikniaðferðin er notuð til þess að meta endurkast frá skógum, fjöllum og sambærilegum flötum. Fullyrðing um að óvissa útreikinga sé að hámarki 5 til 6 dB þarf því sérstakan rökstuðning ef endurkast frá Esju hefur ekki verið rannsakað með fullnægjandi hætti.

Í ljósi framangreinds og með hliðsjón af sögu skotsvæðisins á Álfsnesi; með stöðugum kvörtunum íbúa í Kollafirði allar götur frá árinu 2002 þegar starfsemin hófst, ber stjórnvöldum að gæta varúðar. Í samræmi rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar og varúðarreglu ber stjórnvaldi að meta möguleg áhrif á heilsu, umhverfi og hagsmuni almennings áður en nýtt starfsleyfi er gefið út. Í þessu ljósi er rétt að miða fremur við lægri en hærri mörk leyfilegs skothávaða við íbúabyggðina skv. sænskum leiðbeiningum, Riktlinjur för skjutbanor, þ.e.a.s. $LAI \leq 65$ dB en ekki $LAI \leq 75$ dB.

Þegar skotið er yfir harðan vatnsflöt Kollafjarðar og í átt að Esju, er erfitt ef ekki ómögulegt að ná með mótvægisaðgerðum hljóðstigi skothvella í Móavík frá $LAI = 85$ dB niður um 20 dB í $LAI \leq 65$ dB; nema með því að snúa skotstefnu í átt frá íbúabyggðinni. Dýrar og umfangsmiklar mótvægisaðgerðir á skotsvæðinu í Álfsnesi munu því að líkindum ekki duga til ef skotstefna er óbreytt. Þegar skotið er í átt að fjalli er vert að gæta varúðar. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki talið forsvaranlegt að veita Skotveiðifélagi Reykjavíkur og nágrennis nýtt starfsleyfi í Álfsnesi á grundvelli fyrirliggjandi gagna án þess að sýnt hafi verið fram á virkni fyrirhugðara mótvægisaðgerða með fullnægjandi og sannreynanlegum hætti.

Áður en starfsleyfi verður veitt er rétt að krefjast eftirfarandi:

- 1) Fullnaðarhönnunar allra mótvægisaðgerða, ásamt með fullnægjandi upplýsingum um allar hljóðvarnir sem grípa þarf til.
- 2) Endurreikning hávaðadreifingar með mótvægisaðgerðum; þar sem sérstaklega er tekið tillit til hljóðendurkasts frá Kollafirði og Esju, og sýnt fram á að hljóðkröfur séu uppfylltar við íbúabyggð.
- 3) Óháðra hljóðmælinga við Móavík og útsettstu íbúabyggð til þess að sannreyna árangur mótvægisaðgerða.
- 4) Skýrs og bindandi skilyrðis í starfsleyfi að hámarkshávaði frá skothvellum við íbúabyggð uppfylli $LAI \leq 65$ dB.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

5) Reglubundinnar vöktunar og fyrirfram ákveðinna viðbragða; þ.á.m. takmörkunar eða stöðvunar starfsemi, ef framangreindar hljóðkröfur eru ekki uppfylltar.

Frekari upplýsingar eru fúslega veittar verði eftir þeim leitað.

Svar HER:

Ljóst er af starfseminni stafar hávaði en HER hefur markvisst stytt opnunartíma í starfsleyfum síðustu ára til að draga úr hávaða og ónæði í ljósi kvartana og ábendinga íbúa. Í þessu leyfi er gengið enn lengra en áður í því að takmarka opnunartíma auk þess sem sett eru frekari skilyrði til að draga úr hávaða og ónæði s.s. takmarkanir á starfsemi þegar vindátt stendur á Móaberg og vindstyrkur er meiri en 5 m/s.

Athugasemd vegna auglýsinga á starfsleyfi fyrir Skotreyn, Hólmfríður Sunna Stefánsdóttir og Kristófer Blær, 31.7.2026, HER-202607-9561.

Við undirrituð erum algjörlega mótfallin því að starfsleyfi verði veitt fyrir skotæfingar í Álfnesi vegna mikils ónæðis af skothvællum. Við höfum oft gist á Móabergi meðan leyft var að skjóta og getum ekki hugsað okkur að búa við það ástand að staðaldri.

Með kveðju,

Hólmfríður Sunna Stefánsdóttir og Kristófer Blær Jóhannsson,

ábúendur á Móabergi

Kjalarnesi

Svar HER:

Ljóst er af starfseminni stafar hávaði en HER hefur markvisst stytt opnunartíma í starfsleyfum síðustu ára til að draga úr hávaða og ónæði í ljósi kvartana og ábendinga íbúa. Í þessu leyfi er gengið enn lengra en áður í því að takmarka opnunartíma auk þess sem sett eru frekari skilyrði til að draga úr hávaða og ónæði s.s. takmarkanir á starfsemi þegar vindátt stendur á Móaberg og vindstyrkur er meiri en 5 m/s.

7. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á starfsleyfinu eftir yfirferð athugasemda á drögum að starfsleyfi:



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

7.1 Við grein 1.3 í starfsleyfissskilyrðum var bætt við eftirfarandi texta, „kastturna og skýla fyrir skotfólk“ og „Starfsemin fer fram innan athafnasvæðis félagsins sem er alls 13 ha á Álfsnesi sbr. mynd 1. í greinargerð um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur (AR2040), Skotæfingasvæði á Álfsnesi.“

Grein var „Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra á athafnasvæði félagsins á Álfsnesi.“ og verður „Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra, kastturna og skýla fyrir skotfólk á athafnasvæði félagsins á Álfsnesi. Starfsemin fer fram innan athafnasvæðis félagsins sem er alls 13 ha á Álfsnesi sbr. mynd 1. í greinargerð um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur (AR2040), Skotæfingasvæði á Álfsnesi.“

7.2 Bætt var í kafla 3, grein 3.2 sem verður eftirfarandi:

„Til að draga úr hávaðaónæði við hús sem standa næst starfseminni gilda eftirfarandi veðurtengdar takmarkanir um starfsemina frá 1. október 2026. Óheimilt er að nota skotbrautir nr. 1-3 við eftirfarandi veðuraðstæður. Vindátt er að suðaustan (SA) og suðsuðaustan (SSA) eða frá 110–165 gráður og meðal vindhraði 5m/s eða meiri. Miða skal við veðurupplýsingar frá veðurstöð Veðurstofunnar á Kjalarnesi nema rekstraraðili sé með eigin veðurstöð á athafnasvæðinu, samþykkt af HER, til að meta veðuraðstæður, þá ber að nota gögn frá henni. Greinina má endurskoða í ljósi niðurstaðna hljóðmælinga.“

7.3 Aðrar greinar í kafla 3 hliðruðust þá um eitt númer.

7.4 Við grein 3.6 bætist eftirfarandi texti: „ sbr. einnig grein 3.3. Rekstraraðili skal leggja fram tímasettar tillögur ekki síðar en 1. apríl 2027.“

Grein var: „Rekstraraðili skal í samráði við Heilbrigðiseftirlitið vinna að raunhæfum úrbótum til að minnka hávaða og ónæði frá starfseminni á gildistíma starfsleyfisins.“ og verður: „Rekstraraðili skal í samráði við Heilbrigðiseftirlitið vinna að raunhæfum úrbótum til að minnka hávaða og ónæði frá starfseminni á gildistíma starfsleyfisins, sbr. einnig grein 3.3. Rekstraraðili skal leggja fram tímasettar tillögur ekki síðar en 1. apríl 2027.“

7.5 Við grein 4.2.1 bætist eftirfarandi texti: „Ekki þarf að tilkynna sérstaklega um skotkeppnir sem haldnar eru innan almenns opnunartíma sbr. gr. 4.1.1.“

Grein var „Heimilt er að halda skotkeppnir allt að sex sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá kl. 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfelld. Mest er heimilt að halda tvær keppnir í hverjum mánuði. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara. Rekstraraðili skal hafa samráð við við skotfélag Reykjavíkur um mótahald þannig að félögin haldi ekki fleiri en tvær skotkeppnir í hverjum mánuði samanlagt. Verði að fresta móti vegna veðurs má halda það við fyrsta hentugleika í samræmi við það sem fram kemur að ofan. Tilkynna skal slíka breytta tímasetningu strax og hún liggur fyrir.“ og verður „Heimilt er að halda skotkeppnir allt að sex sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá kl. 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfelld. Mest er heimilt að halda tvær keppnir í hverjum mánuði. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara. Rekstraraðili skal hafa samráð við Skotfélag Reykjavíkur um mótahald þannig að félögin haldi ekki fleiri en tvær skotkeppnir í hverjum mánuði samanlagt. Verði að fresta móti vegna veðurs má halda það við fyrsta hentugleika í samræmi við það sem fram kemur að ofan. Tilkynna skal slíka breytta tímasetningu strax og hún liggur fyrir. Ekki þarf að tilkynna sérstaklega um skotkeppnir sem haldnar eru innan almenns opnunartíma sbr. gr. 4.1.1.“

7.6 Við starfsleyfisaskilyrði bættist kafli titlaður „Mælingar á hávaða og mengun“. Kaflinn inniheldur eftirfarandi greinar:

- 5.1 HER mun framkvæma vöktunarmælingar á hávaða frá starfseminni í samræmi við vöktunaráætlun sem er fylgiskjal með starfsleyfisaskilyrðum. Vöktunaráætlun verður endurskoðuð reglulega.
- 5.2 HER mun framkvæma hljóðmælingar samkvæmt leiðbeiningum frá Naturvárðsverket „Allmanna ráð om buller fran skjutbanor“ til samanburðar við niðurstöður útreikninga á hljóðstigi sbr. skýrslu Brekke&Strand. Verði skotstefnu snúið á fleiri skotvöllum eða aðrar mótvægisáðgerðir framkvæmdar mun HER sannreyna árangur þeirra áðgerða með hljóðmælingum.
- 5.3 Gefi niðurstaða hljóðmælinga tilefni til getur það leitt til takmörkunar á starfsemi rekstraraðila.
- 5.4 Heilbrigðiseftirlitið getur fyrirskipað að mæla skuli hvort og hversu langt þungmálmamengun frá haglaskotum hefur borist innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við áætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi Heilbrigðiseftirlitið mælingar skal senda tillögu að því hver og hvernig framkvæma á sýnatöku og hvaða aðili sjái um mælingar á sýnunum til Heilbrigðiseftirlitsins til samþykktar. Miða skal við að mældur sé styrkur a.m.k. eftirfarandi þungmálma: antimon (Sb), arsen (As), kadmíum (Cd), kóbalt (Co), króm (Cr), kopar (Cu), blý (Pb), mólýbden (Mo), nikkel (Ni), tin (Sn), vanadíum (V), og sink (Zn). Senda skal niðurstöður mælinga til Heilbrigðiseftirlitsins strax og þær liggja fyrir. Heilbrigðiseftirlitið metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli grípa m.a. út frá rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

7.7 Aðrir kaflar hliðrast þá um eitt númer.

1. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).

Í samræmi við samþykkt um Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur 908/2026 var ofangreind starfsleyfisumsókn lögð fyrir afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

2. Kæruleið og kærufrestur



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík dags. 31. ágúst. 2026

Rúnar Grímsson Heilbrigðisfulltrúi

Guðjón Ingi Eggertsson Heilbrigðisfulltrúi og deildarstjóri Umhverfiseftirlits



Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN), kt: 440687-1809 í Álfsnesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
- 1.2 Starfsleyfið gildir til 31. desember 2028. Fyrirvari er settur varðandi breytingu á gildistíma vegna framkvæmda við Sundabraut sem hefðu áhrif á athafnasvæði félagsins og breytinga á skipulagslegum forsendum vegna framkvæmdarinnar s.s. ef skilgreindri landnotkun væri breytt í skipulagsvinnu vegna framkvæmdarinnar.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra, kastturna og skýla fyrir skotfólk á athafnasvæði félagsins á Álfsnesi. Starfsemin fer fram innan athafnasvæðis félagsins sem er alls 13 ha á Álfsnesi sbr. mynd 1. í greinargerð um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur (AR2040), Skotæfingarsvæði á Álfsnesi.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma breytingar á viðkomandi reglugerðum, auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.
- 1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðila er skylt að láta eftirlitsaðila í té þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að kanna hvort skilyrðum starfsleyfis sé fullnægt.
- 1.8 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í geg



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

- 1.9 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt vera tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.10 Almennir á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Notkun á blýhögnum og leirdúfum

- 2.1 Notkun blýhagla er óheimil. Rekstraraðila ber að hafa eftirlit með því að notendur virði ákvæðið.
- 2.2 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons). Rekstraraðila ber að hafa eftirlit með því að notendur virði ákvæðið.

3. Hávaðavarnir

- 3.1 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun ísogsefna, hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 3.2 Til að draga úr hávaðaónæði við hús sem standa næst starfseminni gilda eftirfarandi veðurtengdar takmarkanir um starfsemina frá 1. október 2026. Óheimilt er að nota skotbrautir nr. 1-3 við eftirfarandi veðuraðstæður. Vindátt er að suðaustan (SA) og suðsuðaustan (SSA) eða frá 135° – 157,5° 65 gráður og meðal vindhraði 5m/s eða meiri. Miða skal við veðurupplýsingar frá veðurstöð Veðurstofunnar á Kjalarnesi nema rekstraraðili sé með eigin veðurstöð á athafnasvæðinu, samþykkt af HER, til að meta veðuraðstæður, þá ber að nota gögn frá henni. Greinina má endurskoða í ljósi niðurstaðna hljóðmælinga.
- 3.3 Rekstraraðili skal beina því til notenda vallarins að nota haglaskot með 24 gramma hleðslu við æfingar. Rekstraraðili skal hafa eftirlit með að notendur fari eftir tilmælunum. Rekstraraðili skal hafa sýnilega tilkynningu til notenda með upplýsingum um skotgerðir með lægra hljóðstig.
- 3.4 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

- 3.5 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun útbúa áætlun um vöktun hávaða frá starfseminni að fengnum leiðbeiningum Umhverfistofnunar- og orkustofnunar. Vöktunaráætlun verður endurskoðuð reglulega.
- 3.6 Rekstraraðili skal í samráði við Heilbrigðiseftirlitið vinna að raunhæfum úrbótum til að minnka hávaða og ónæði frá starfseminni á gildistíma starfsleyfisins, sbr. einnig grein 3.3. Rekstraraðili skal leggja fram tímasettar tillögur ekki síðar en 1. apríl 2027.

4. Opnunartími skotvalla

- 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
 - 4.1.1 Þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 12-21 og laugardaga frá kl. 10-17.
 - 4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að sex sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá kl. 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfellt. Mest er heimilt að halda tvær keppnir í hverjum mánuði. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara. Rekstraraðili skal hafa samráð við Skotfélag Reykjavíkur um mótahald þannig að félögin haldi ekki fleiri en tvær skotkeppnir í hverjum mánuði samanlagt. Verði að fresta móti vegna veðurs má halda það við fyrsta hentugleika í samræmi við það sem fram kemur að ofan. Tilkynna skal slíka breytta tímasetningu strax og hún liggur fyrir. Ekki þarf að tilkynna sérstaklega um skotkeppnir sem haldnar eru innan almenns opnunartíma sbr. gr. 4.1.1.
 - 4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.
- 4.2 Ítrekuð brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað takmörkun á starfsemi eða stöðvun hennar sbr. heimild í 63.grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. Mælingar á hávaða og mengun

- 5.1 HER mun framkvæma vöktunarmælingar á hávaða frá starfseminni í samræmi við vöktunaráætlun sem er fylgiskjal með starfsleyfisskilyrðum. Vöktunaráætlun verður endurskoðuð reglulega.
- 5.2 HER mun framkvæma hljóðmælingar samkvæmt leiðbeiningum frá Naturvárðsverket „Allmänna råd om buller från skjutbanor“ til samanburðar við niðurstöður útreikninga á hljóðstigi sbr. skýrslu Brekke&Strand. Verði skotstefnu snúið á fleiri skotvöllum eða



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

aðrar mótvægisáðgerðir framkvæmdar mun HER sannreyna árangur þeirra áðgerða með hljóðmælingum.

- 5.3 Gefi niðurstaða hljóðmælinga tilefni til getur það leitt til takmörkunar á starfsemi rekstraraðila.
- 5.4 Heilbrigðiseftirlitið getur fyrirskipað að mæla skuli hvort og hversu langt þungmálamengun frá haglaskotum hefur borist innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við áætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi Heilbrigðiseftirlitið mælingar skal senda tillögu að því hver og hvernig framkvæma á sýnatöku og hvaða aðili sjái um mælingar á sýnunum til Heilbrigðiseftirlitsins til samþykktar. Miða skal við að mældur sé styrkur a.m.k. eftirfarandi þungmálma: antimon (Sb), arsen (As), kadmíum (Cd), kóbalt (Co), króm (Cr), kopar (Cu), blý (Pb), mólýbden (Mo), nikkel (Ni), tin (Sn), vanadíum (V), og sink (Zn). Senda skal niðurstöður mælinga til Heilbrigðiseftirlitsins strax og þær liggja fyrir. Heilbrigðiseftirlitið metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli grípa m.a. út frá rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

6. Umhverfi og umgengni

- 6.1 Rekstraraðili skal stuðla að því og beina til notenda að umgengni sé snyrtileg, notendur hirði úrgang eftir sig og flokki í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og gildandi samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg hverju sinni.
- 6.2 Almenn hreinsun á svæðinu skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu.
- 6.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki.
- 6.4 Heilbrigðiseftirlitið getur fyrirskipað að mæla skuli þungmálamengun í jarðvegi frá haglaskotum innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við áætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi Heilbrigðiseftirlitið mælingar skal rekstraraðili láta vinna tillögu að sýnatökuáætlun og senda Heilbrigðiseftirlitinu til samþykktar. Við val á mælipáttum skal tekið mið af viðauka í rg. nr. 1400/2020. Senda skal niðurstöður mælinga til Heilbrigðiseftirlitsins strax og þær liggja fyrir. Heilbrigðiseftirlitið metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli grípa m.a. út frá ákvæðum rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

7. Skráningar

- 7.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
- 7.1.1 Hvenær æfingar og skotmót fara fram á vellinum.
- 7.1.2 Fjöldi leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

7.1.3 Kvartanir sem berast til rekstraraðila vegna hávaða og ónæðis frá starfseminni.

7.1.4 Niðurstöður eftirlits með stærð skothleðsla sbr. grein 3.3.

7.2 Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila þegar þeirra er óskað.

8. Starfsemi hætt

- 8.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar sem miða skal út dreifingu hagla . Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 8.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.
- 8.3 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun vinna frummat á mengun í jarðvegi í samræmi við ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengun í jarðvegi. Gefi niðurstöður frummats tilefni til ber rekstraraðila, viðlok starfsemi, láta vinna áhættugreiningu sbr. 10. gr. rg. nr. 1400/2020 fyrir áhrifasvæði starfseminnar ásamt tillögum að aðgerðum til hreinsunar í samræmi við niðurstöður áhættugreiningarinnar.



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/. 2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun vegna starfsemi á landi og reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Skilyrðin gilda um starfsemi sem er starfsleyfisskyld samkvæmt viðauka IV í lögum nr. 7/1998 og viðauka X í rg. nr. 550/2018.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hætta af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber 5. gr. í rg. nr. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í 14. gr. í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. 13. gr. í rg. nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.



- 1.7 Ef rekstraraðili er einnig með aðra starfsemi sem er starfsleyfis eða skráningarskyld samkvæmt lögum nr. 7/1998, gilda um hana viðeigandi starfsleyfis- eða starfsskilyrði.
- 1.8 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.9 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.10 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.11 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfis skyldri starfsemi fer skv. 57. gr. í rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.12 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.13 Almenningur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlíta ákvæðum gr. 12., 13., 14., 15. og 16 í rg. nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.



3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðiseftirlit getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hætta af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.



- 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
- 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
- 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
- 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
- 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
- 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni, um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.



- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð um hávaða nr. 724/2008.
- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaður skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olúskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífeldsneyti, íblöndunarefnum eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.



- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í 41. gr. í rg. nr. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rg. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og viðeigandi starfsskilyrði sbr. gr. 1.7..
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rg. 640/2022 um kvikasilfur, rg. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rg. nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rg. nr. 787/1999 um loftgæði, rg. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rg. nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rg. nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun, rg. nr. 799/1999 um meðhöndlun seyrur, rg. nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rg. nr. 809/1999 um olíuúrgang.



6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- a) Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olúskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - b) Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - c) Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - d) Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal heilbrigðiseftirlit vinna frummat sbr. ákvæði í 9. gr. rg. um mengaðan jarðveg. Gefi niðurstaða frummats tilefni til skal rekstraraðili vinna áhættumat sbr. ákvæði í 10. gr. sömu reglugerðar og leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar þar um. Í áhættumatinu skulu vera tillögur að meðhöndlun mengunar sé mengun staðfest í rannsóknum. Rekstraraðili skal standa straum af kostnaði við hreinsun mengunar í samræmi við skilgreinda landnotkun þar sem starfsemin fer fram og viðmið í viðauka í rg. um mengaðan jarðveg.
- 7.3 Hreinsun telst ekki lokið fyrr en að lokinni úttekt heilbrigðiseftirlits og staðfestingu þess að hreinsun sé fullnægjandi.

Samþykkt á 172 fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 16. apríl 2026.

Guðjón Ingi Eggertsson

Frá: Haraldur Sigurðsson
Sent: miðvikudagur, 24. júní 2026 15:13
Til: Rúnar Grímsson
Afrit: Guðjón Ingi Eggertsson
Efni: Re: Umsögn vegna Skotreytnar

Flokkar: Tracked To Dynamics 365

Staðfesti það, með mögulegan gildistíma út árið 2028

Bestu kveðjur,



Haraldur Sigurðsson

Deildarstjóri aðalskipulags og húsnæðisáætlana

411-1111
Umhverfis-og skipulagssvið
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

Frá: Rúnar Grímsson <Runar.Grimsson@reykjavik.is>
Sent: miðvikudagur, 24. júní 2026 15:05
Til: Haraldur Sigurðsson <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>
Afrit: Guðjón Ingi Eggertsson <Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>
Efni: RE: Umsögn vegna Skotreytnar

Sæll Haraldur

Takk fyrir póstinn, út frá svari þínu lítur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur svo á að starfsemi Skotfélags Reykjavíkur og nágrennis í Álfsnesi sé í samræmi við *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*.

Kær kveðja/Best Regards



Rúnar Grímsson

Heilbrigðisfulltrúi
Umhverfiseftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Sími: +354 664 0402
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

From: Haraldur Sigurðsson <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>
Sent: miðvikudagur, 24. júní 2026 14:46
To: Guðjón Ingi Eggertsson <Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>

Cc: Rúnar Grímsson <Runar.Grimsson@reykjavik.is>

Subject: Re: Umsögn vegna Skotreytnar

Sælir

Staðfesti að umrædd umsögn sem byggir á AR2040 og vísar til ákvæða sem gilda jafnt um bæði félögin varðandi tímaákvæði og annað, enda félögin staðsett á sama ípróttasvæði á Álfsnesi, sbr. skipulagsupphráttur aðalskipulagsins

Bestu kveðjur



Haraldur Sigurðsson

Deildarstjóri aðalskipulags og húsnæðisáætlana

411-1111

Umhverfis-og skipulagssvið

Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

Samantekt hljóðmælinga sem fram fóru í lok júní og byrjun júlí 2022 samkvæmt aðferðinni "Allmänna i

	LAI [dB] (meðaltal)	Mælistaður	Skotvöllur	Skotfæri (g)	Skotstefna
Mæling 1		61 Móaberg	Skotvöllur 1	19	N
Mæling 2		58 Móaberg	Skotvöllur 2	19	N
Mæling 3		48 Móaberg	Skotvöllur 4	19	NA
Mæling 5		69 Móavík	Skotvöllur 1	28	Breytileg
Mæling 6		71 Móavík	Skotvöllur 2	28	Breytileg
Mæling 7		44 Móavík	Skotvöllur 4	28	Breytileg
Mæling 8		49 Móaberg	Skotvöllur 1	28	N
Mæling 9		48 Móaberg	Skotvöllur 4	28	NA
Mæling 10		48 Stekkur	Skotvöllur 1	28	N
Mæling 11		48 Stekkur	Skotvöllur 1	28	N
Mæling 12	Ekki hægt að greina skothvelli	Stekkur	Skotvöllur 4	28	NA
Mæling 14	Ekki hægt að greina skothvelli	Naustanes	Skotvöllur 1	28	N
Mæling 15	Ekki hægt að greina skothvelli	Naustanes	Skotvöllur 4	28	NA
Mæling 16		55 Móavík	Skotvöllur 1	28	N
Mæling 17		46 Móavík	Skotvöllur 4	28	NA
Mæling 18	Erfitt að greina skothvelli	Hvammur	Skotvöllur 1	28	N
Mæling 19	Erfitt að greina skothvelli	Hvammur	Skotvöllur 4	28	NA

råd om buller från skjutbanor".

Dagsetning Veður (vindstefna og styrkur)

29.6.2022 S - logn
 29.6.2022 S - logn
 29.6.2022 S - logn
 29.6.2022 V - <2 m/s
 29.6.2022 V - <2 m/s
 29.6.2022 V - <2 m/s
 29.6.2022 V - 2-4m/s
 29.6.2022 V - 2-4m/s
 29.6.2022 V - 2-4m/s
 1.7.2022 V - 2-4m/s
 1.7.2022 V - 2-4m/s
 5.7.2022
 5.7.2022
 6.7.2022 logn - logn
 6.7.2022 logn - logn
 6.7.2022
 6.7.2022

Område	Helgfri måndag- fredag	Lördag, s och helgd
	Dag och kväll kl. 07–22 dBAI	Dag kl. 09–19 dBAI
Bostäder för permanent boende och fritidshus		
Nyanläggning eller väsent- lig ombyggnad av bana	65–70	65–70

fredag	Natt ²⁾
lördag	
Kväll	Natt mot vardag
9 kl. 19–22	kl. 22–07 samt
dBAI	mot lör-, sön- och
	helgdag kl. 22–09
	dBAI

60–65 55–60



Vöktunaráætlun hljóðmælinga vegna starfsemi skotvalla á Álfsnesi

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun hljóðmæla við skotvöllina á Álfsnesi þrisvar sinnum á ári með síritandi mæli til að meta umhverfisáhrif starfseminnar. Mælt verður á tveimur stöðum, annars vegar Móavík og hins vegar Naustanes, að lágmarki í tvo sólarhringa (Mynd 1). Tekið verður mið af af opnunartíma vallarins og mögulegum viðburðum við val á vöktunartímabilum. Ekki er hægt að fastsetja hvenær hljóðmælingar fara fram þar sem taka þarf mið af veðurfarsaðstæðum í samræmi við staðla.



Mynd 1 sýnir mælistaði síritandi hljóðmælinga. Staðarheiti eru Móavík og Naustanes

Hljóðmælir sem notaður verður í vöktun er síritandi Class 1 hljóðmælir frá Munisense sem einnig er búinn upptökubúnaði. Upptökur og mælingar eru í gagnagátt Munisense og bæði birtast þar í rauntíma og eru geymd í sex mánuði.

Við mælingar verður stuðst við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar frá 2011: „Leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits“ og einnig hljóðvistarstaðalinn ÍST 45:2016.

Í kjölfar mælinga verður metið hvort þörf sé á aðgerðum og frekari mælingum.

HEILBRIGÐISNEFND

Árið 2026, fimmtudaginn 16. apríl kl. 11:05, var haldinn 172. fundur heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Hjálmar Sveinsson, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Birkir Ingibjartsson, Einar Sveinbjörn Guðmundsson og fulltrúi samtaka atvinnulífsins, Ólafur Jónsson. Eftirtalinn fulltrúi tók sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Sandra Hlíf Ocares. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Tómas G. Gíslason, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Helgi Guðjónsson og Sigurjóna Guðnadóttir. Fundarritari var Magnea Lilly Friðgeirsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram afgreiðslubréf forsætisnefndar dags. 7. apríl 2026 og verklagsreglur, fyrirspurnir og tillögur í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar og beiðnir borgarfulltrúa um aðgang að gögnum dags. 27. mars 2026. MSS23090170
2. Fram fer umræða og upplýsingar um stöðu mála um áform um breytingar á heilbrigðiseftirliti. HER26010001

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Flokks fólksins, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins:

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur tekur undir þær áhyggjur sem fram koma í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Þær eru í meginatriðum samhljóða gagnrýni og athugasemdum frá heilbrigðiseftirlitum á landsvísu, sveitarfélögum á landinu og Samtökum íslenskra sveitarfélaga. Svo virðist sem fyrirhugaðar breytingar byggi á misskilningi og oftúlkun á tilmælum ESA um stöðu regluverks og eftirlits á sviði heilbrigðismála. Samráð við heilbrigðiseftirlitin og sveitarfélögin sé takmarkað og ekki hafi verið brugðist á neinn hátt við þeim umsögnum og athugasemdum sem þegar hafa komið fram í málinu. Betur færi á að tekin yrðu smærri skref til að tryggja aukna skilvirkni á þessu sviði fremur en alger kerfisbreyting.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samtaka atvinnulífsins:

Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins vísar til fyrri bókana sinna á fundum Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 11. september og 19. febrúar sl. Ákvörðun ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og atvinnuvegaráðherra er fagnað. Það er áréttað að mikilvægt er að útfærsla og framkvæmd breytinga verði tekin föstum tókum og tryggt verði að Matvælastofnun og Umhverfis- og orkustofnun takist á við breytt hlutverk.

3. Lögð fram til samþykktar, uppfærð Almenn starfsleyfisiskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi. HER26010001
Samþykkt. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi Samtaka atvinnulífsins sitja hjá við afgreiðslu málsins.
4. Fram fer umræða um ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á afturköllun á álímingu á bíl við Staðarbakka 8. HER26010001

5. Fram fer kynning á úttekt ESA á opinberu eftirliti með matvælum úr plönturíkinu með tilliti til örvera. Einnig er lögð fram skýrsla ESA dags. 20. júní 2025. HER26010001
6. Fram fer umræða á fyrirhugaðri úttekt ESA í júní nk. á opinberu eftirliti með upplýsingum á matvælum. HER26010001
7. Lögð fram umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur dags. 30. mars 2026 um skipulagslýsingu Ármúla - Hallarmúla - Suðurlandsbrautar, sbr. mál nr. 259/2026 í Skipulagsgátt. HER26010001
8. Lögð fram umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur dags. 30. mars 2026 um Sætún, sbr. mál nr. 264/2026 í skipulagsgátt. HER26010001
9. Lögð fram umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur dags. 30. mars 2026 um Saltvík, sbr. mál nr. 248/2026 í Skipulagsgátt. HER26010001
10. Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufunda Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 13. mars 2026, 19. mars 2026, 26. mars 2026, 1. apríl 2026 og 10. apríl 2026. HER26010001

Fundi slitið kl. 12:14

Hjálmar Sveinsson

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Einar Sveinbjörn Guðmundsson
Ólafur Jónsson

Birkir Ingibjartsson
Sandra Hlíf Ocares



Lögreglustjórinn á höfuðb.sv.

Leyfisbréf

Viðurkenning á æfinga- og keppnissvæði skotfélags

Lögreglustjórinn á höfuðb.sv. gjörir kunnugt:

Neðangreint æfinga- og keppnissvæði leyfishafa telst uppfylla skilyrði IV. kafla reglugerðar um skotvopn, skotfæri o.fl. nr. 787/1998. Með heimild í 24. gr. vopnalaga nr. 16/1998 er æfinga- og keppnissvæðið hér með viðurkennt sem slíkt.

Svæðinu, notkun þess og öryggisráðstöfunum er lýst í neðangreindum texta.

Viðurkenning þessi gildir í 10 ár frá útgáfudegi en leyfisveitandi getur hvenær sem er afturka

Skotfélag:	Skotveiðifélag Reykjav og nágr, 4406871809
Heimilisfang félags:	Pósthólf 8485, 128 Reykjavík - 8
Símanúmer félags:	[REDACTED]
Ábyrgðarmaður:	Róbert Már Reynisson,
Heimilisfang áb.manns:	[REDACTED]
Símanúmer áb.manns:	[REDACTED]
Eigandi svæðis:	Skotveiðifélag Reykjav og nágr, 4406871809 Pósthólf
Heimilisfang eiganda:	8485, 128 Reykjavík - 8
Símanúmer eiganda:	[REDACTED]
Lega svæðis:	Álfsnes
Notkun svæðis:	Haglabyssuskotfimi, Compak
Öryggisráðstafanir:	Afgirt svæði, æfingar og keppni undir stjórn skotstjóra.
Dags. umsóknar:	23.4.2025
Númer umsóknar:	007-2025-00054
Gildistími viðurkenningar:	23.4.2025 - 23.4.2035
Leyfisgjald:	kr. 5.000.-

Reykjavík, 23.4.2025

F.h. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu



Aritun og stimpill



Lögreglustjórinn á höfuðb.sv.

Leyfisbréf

Viðurkenning á skotfélagi

Lögreglustjórinn á höfuðb.sv. gjörir kunnugt:

Að neðangreint skotfélag uppfyllir skilyrði III. kafla reglugerðar um skotvopn, skotfæri o.fl. nr. 787/1998 og er því hér með, skv. 17. gr. vopnalaga nr. 16/1998, veitt leyfi til að starfa sem slíkt

Samkvæmt viðauka með skjali þessu er félaginu heimilt að standa fyrir æfingum og keppni á skotsvæði, sem lögreglustjóri í því umdæmi sem svæðið er staðsett, hefur samþykkt. Félaginu er heimilt að standa fyrir æfingum og keppni í viðurkenndum skotgreinum Alþjóða skotsambandsins og öðrum skotgreinum sem getið er í viðauka leyfisbréfs þessa.

Ef breyting verður á heimilisfangi eða stjórn félagsins skulu breytingar tilkynntar til ríkislögreglustjórans. Um afturköllun leyfis gilda ákvæði VII. kafla vopnalaga og 58. gr. reglugerðar um skotvopn, skotfæri o.fl.

Skotfélag:	Skotveiðifélag Reykjav og nágr, 4406871809
Heimilisfang:	Pósthólf 8485, 128 Reykjavík - 8
Símanúmer:	[REDACTED]
Stofnað hvar og hvenær:	[REDACTED]

Formaður:	Róbert Már Reynisson
Heimilisfang:	[REDACTED]
Símanúmer formanns:	[REDACTED]

Stjórnarmaður 1:	Þórir Ingi Friðriksson, [REDACTED]
Stjórnarmaður 2:	Sandra Helgadóttir, [REDACTED]
Stjórnarmaður 3:	Aron Kristinn Jónsson, [REDACTED]
Stjórnarmaður 4:	Haraldur Friðrik Wendel, [REDACTED]
Stjórnarmaður 5:	Jóhannes Björn Sigmarsson, [REDACTED]

Fyrirhugað skotsvæði:

Dags. umsóknar:	23.4.2025
Númer umsóknar:	007-2025-00053
Gildistími viðurkenningar:	23.4.2025 - 23.4.2035
Leyfisgjald:	kr. 5.000.-

Reykjavík, 23.4.2025

F.h. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu



Aritun og stimpill

Sjá viðauka um viðurkennda keppnisflokka.